gerðardóms skv. 6.2 innan tveggja mánaða frá því að tillagan var samþykkt. Víki gerðardómurinn frá tillögunni, þannig að úrskurður hans verði hagstæðari þessum aðildarsamtökum, skal kostnaður af gerðardóminum greiddur af IHM. Að öðrum kosti skulu þau aðildarsamtök, sem vísuðu ágreiningnum til gerðardóms, bera kostnað af honum sjálf.

6.4. Eftir að endanleg niðurstaða um skiptingu tekna milli aðildarfélaga liggur fyrir samkvæmt framansögðu getur hvert aðildarsamtakanna sem er krafist endurskoðunar á henni. Skal krafa þess efnis vera gerð með eins árs fyrirvara, miðað við áramót.

9. gr.

Grein 7.1 orðist svo:

Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, 3/4 hluta atkvæða á fulltrúaráðsfundi, þar sem að minnsta kosti 4/5 hlutar aðildarfélaganna eru mættir.

Í samræmi við 6. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 2. gr. laga nr. 60/2000, staðfestast framangreindar breytingar á samþykktum Innheimtumiðstöðvar gjalda frá 7. júní 1996, sbr. auglýsingu nr. 333/1996. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

9. febrúar 2004 Nr. 147

GJALDSKRÁ

fyrir holræsagjald á Austur-Héraði.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Austur-Héraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,195% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila almanaksári eftir að bygging er fokheld.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Austur-Héraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi	**Grunngjald**	**m^3-gjald**	**Athugasemdir**
A Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	35.000	25	m^3-gjald reiknast af m^3 umfram 400. Hámarksgjald er kr. 200.000
B Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	35.000	25	m^3-gjald af m^3 umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framansögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2003 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, - í fyrsta sinn í janúar 2005.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um fráveitur á Austur-Héraði nr. 129/2004, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 21. janúar 2004, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, til að taka gildi við birtingu.

Egilsstöðum, 9. febrúar 2004.

Þórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

Nr. 148 9. febrúar 2004

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi, nr. 127/2004 og samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.